



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNAEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir söttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 05.03.2020

Kl.: 17:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Söttvarnalæknir,

Hættustig vegna COVID-19

Lýsing á atburði

Nú hafa alls 35 tilfelli af veirunni SARS-CoV-2 sem veldur COVID-19 sjúkdómi verið staðfest á Íslandi. Viðkomandi einstaklingar eru í einangrun. Einn hefur þegar verið útskrifaður af Landspítala og er heima í sóttkví. Um 400 manns, sem hafa verið í samskiptum við viðkomandi einstaklinga, eru í sóttkví. Sá sem fyrst smitaðist er útskrifaður af Landspítala heim í einangrun.

Enn er unnið samkvæmt hættustigi almannavarna og Landsáætlun um heimsfaraldur.

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 5. mars 2020 hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá um 96.888 einstaklingum og um 3.305 einstaklingar hafa látist (3,5%). Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 53.638 einstaklegar náð sér eftir veikindin. ECDC hefur breytt áhættumati sínu yfir í að faraldurinn geti orðið meðalstór eða mikil lýðheilsuógn. Sjá vef [Söttvarnastofnunar Evrópu](#) (ECDC) varðandi þróun mála. [Sjá áhættumat ECDC.](#)

Kína, Suður-Kórea, Íran, Ítalía og skíðasvæðið Ischgl í Austurríki (frá og með 29. febrúar 2020) eru skilgreind áhættusvæði vegna COVID-19. Allir þeir sem hafa fasta búsetu á Íslandi sem koma frá þessum svæðum – þó svo að þeir fljúgi frá flugvöllum sem ekki eru á skilgreindu áhættusvæði – þurfa að fara í 14 daga sóttkví. Tíu einstaklingar eru í sóttkví á Tenerife. Þeir koma að líkindum til landsins á laugardaginn (7.3.2020) eftir 12 daga sóttkví þar í landi og klára sína sóttkví hér. Sóttkvíin á Tenerife er á ábyrgð spænskra stjórnvalda.

Evrópa, Bandaríkin, Kanada. Heimild ECDC 5. mars kl. 11:00	Tilfelli	Dauðsföll
Ítalía	3089	107
Frakkland	285	4
Þýskaland	262	0
Spánn	200	1
Bretland	85	0
Noregur	56	0
Holland	38	0
Svíþjóð	35	0
Austurríki	29	0
Ísland	26	0
Belgía	23	0
Grikkland	10	0
Danmörk	10	0
Króatía	9	0
Tékkland	8	0
Finnland	7	0
Írland	6	0
Portúgal	5	0
Rúmenía	4	0
Ungverjaland	2	0
Eistland	2	0

Litháen	1	0
Slóvenía	1	0
Liechtenstein	1	0
Lúxemborg	1	0
Pólland	1	0
Lettland	1	0
Bandaríkin	106	11
Kanada	33	0

Ísland. Staðan í dag.

- Tveir einstaklingar greindust í dag með veiruna sem veldur COVID-19 sjúkdómi.
- Samtals hafa því 35 tilfelli veirunnar verið greind hér á landi. Hjá einum er enn verið að bíða eftir staðfestri niðurstöðu.
- Allir þessir 35 einstaklingar, þar á meðal þeir sem greindust með veiruna í dag, voru á ferðalagi á Norður-Ítalíu eða Austurríki, og höfðu því fengið ráðleggingar um að fara beint í sóttkví við heimkomu.
- Í dag hafa um 25 sýni verið rannsökuð á Landspítala. Unnið er að því að auka afkastagetu í greiningu smita á sýkla- og veirufraeðideild Landspítala. Frá upphafi hafa um 330 sýni verið rannsökuð.
- Nú eru um 400 einstaklingar í sóttkví á Íslandi.
- Smitrannsóknateymi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og sóttvarnalæknis hefur haft samband við viðkomandi einstaklinga. Þeir hafa notið liðsinnis heilbrigðisstarfsmanna frá Landspítala.
- Á morgun föstudag verður haldinn fundur með lögreglustjórum, umdæmislæknum, hafnarstjórum, Landhelgisgæslunni, Samgöngustofu, Sóttvarnalækni og Tollstjóra varðandi leiðbeiningar fyrir sóttvarnahafnir vegna COVID-19.
- Ferðapjónustuaðilar og erlent ferðafólk hefur verið upplýst með upplýsingabæklingum og upplýsingaskjái Safe Travel hafa verið uppfærðir. [Ferðamálaráð](#) og Inspired by Iceland hafa opnað upplýsingasiður.
- Utanríkisráðuneytið hefur verið í sambandi við Íslendingana 10 sem eru í sóttkví á Tenerife. Þeir fara í veirupróf á morgun og ef sýni eru neikvæð mega þeir fljúga frá Tenerife á laugardag með beinu flugi til Íslands.
- Um 1800 einstaklingar eru skráðir í grunn utanríkisráðuneytisins vegna fólks sem statt er erlendis. Hægt er skrá sig í gagnagrunninn á [forsíðu Stjórnarráðsvefsins](#) eða slóðinni utn.is/covid19.
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra vinnur að undirbúningi móttöku flugvélar frá Veróna nk. laugardag. Isavia hefur umsjón með móttöku flugvélarinnar á Keflavíkflugvelli.
- Sóttvarnaheimilið, Hótel Lind, er tilbúið og getur tekið á móti gestum.
- Í dag var birt sameiginlegt minnisblað þar sem landlæknir, sóttvarnarlæknir og ríkislögreglustjóri lýsa yfir áhyggjum vegna yfirstandandi og yfirvofandi verkföllum á vinnumarkaði og skora á þá aðila sem nú eru í kjarasamningaviðræðum að leita allra leiða til að enda þær verkfallsaðgerðir sem nú eru í gangi og jafnframt koma í veg fyrir fyrirhugaðar aðgerðir.
- Í dag hafa verið sendar leiðbeiningar til margvíslegra hópa, svo sem dagvista aldraðra, mötuneyta leik- og grunnskóla, fyrirtækja og stofnana. Efni hefur einnig verið þýtt á spænsku, ensku og pólsku.
- MAST hefur birt á vef sínum upplýsingar varðandi COVID-19, [matvæli](#) og [dýr](#).
- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla verður haldinn föstudaginn 6. mars kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni, Skógarhlíð 14.
- Næsti stöðufundur í Samhæfingarstöð almannavarna verður föstudaginn 6. mars kl. 08:15